

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um 778. mál, Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða

1. 30.gr

- Dvöl, umgengni og umferð í þjóðgördum, eru þessi ákvæði sem ástæða er til að líta til.
  1. „Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í þjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum. Í reglugerð er heimilt að banna akstur vélknúinna ökutækja á einstökum svæðum allt árið um kring eða á tilteknum tímum ársins.“

*Nú þegar hefur reynt á þetta ákvæði og virðist sem það gildi þarna huglægt mat eða tilfinning , það sem einum er augljóst er öðrum hulið. Þarna þurfa að koma til skilgreindari ákvæði um hvað er frosið og ekki frosið, hvenær er snjóþekja nógu þykk og eða traust.*

2. „Afla skal leyfis þjóðgarðsvarðar til lendingar loftfars innan þjóðgarðs.“

*Þetta ákvæði teljum við vera allt of altækt fyrir þjóðgarða sem innan skamms gætu náð yfir allt miðhálandið og riflega helming landsins. Þarna teljum við einnig verið að færa þjóðgarðsvörðum allt of mikið vald miðað við tilefnið, og kalla yfir þá mikla óþarfa vinnu sem er dýr fyrir samfélagið allt.*

2. 32gr

- Atvinnustefna og samningar við þjónustuaðila.

„ Í atvinnustefnu skal leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarða.

Stjórn hvers þjóðgarðs skal móta stefnu fyrir atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins. Atvinnustefnan skal vera í samræmi við ákvæði 4. gr. og ákvæði viðkomandi stjórnunar- og verndaráætlunar um atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðs, sbr. 3. mgr. 26. gr.

Óheimilt er að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarði án samnings um slíka starfsemi við þjóðgarðastofnun. Slík starfsemi skal rekin í samræmi við atvinnustefnu þjóðgarðs og ákvæði

stjórnunar- og verndaráætlunar. Þegar stjórnunar- og verndaráætlun liggur ekki fyrir varðandi svæði innan þjóðgarðs er eingöngu heimilt að gera samninga um atvinnutengda starfsemi á því svæði til skamms tíma. Slíkir samningar skulu uppfylla almenn skilyrði atvinnustefnu viðkomandi þjóðgarðs enda sé talið að starfsemin sé ekki í andstöðu við verndarmarkmið. Slíkir samningar skulu gerðir í samráði við stjórn viðkomandi þjóðgarðs.

Í samningum skv. 2. mgr. skal setja þau skilyrði fyrir starfseminni sem talin er þörf á, meðal annars vegna verndarmarkmiða þjóðgarðsins og samræmis við atvinnustefnu og stjórnunar- og verndaráætlun.“

*Á þessu ákvæði verður að skerpa og framfylgja þannig að íbúar sem hafa fasta búsetu og fulla framfærslu af atvinnu innan þjóðgarðs í sínu sveitarfélagi njóti þá þess sem fram kemur í greininni.*

### 3. 33.gr Leyfisveitingar.

- „Afla skal leyfis þjóðgarðastofnunar vegna skipulagðra viðburða og einstakra verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarði, svo sem til kvikmyndunar, viðburða, samkomuhalds og rannsókna. Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Þjóðgarðastofnun er heimilt að loka tímabundið einstökum svæðum þjóðgarðsins ef það er nauðsynlegt vegna viðburða eða verkefna sem veitt hefur verið leyfi fyrir. Hafa skal samráð um slíka ákvörðun við fulltrúa ferðþjónustu sem ætla má að hyggi á ferðir um svæðið eftir því sem kostur er. Ákvörðun þjóðgarðastofnunar um lokun svæðis skal birt í B-deild Stjórnartíðinda og á annan opinberan hátt í fréttamiðlum og á vef þjóðgarðsins.

Ákvæði laga þessara um leyfisveitingar ganga framár ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta um leyfisveitingar sveitarfélaga.“

*Um að setja skilyrði fyrir leyfisveitingu verða að gilda skýrar reglur sem ganga jafn yfir alla og að þessi skilyrði séu stöðug dag frá degi.*

4.

42. gr.

- Gjaldtaka.

„ Heimilt er að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu innan marka þjóðgarðs. Gjaldið getur verið fyrir veitingu tiltekinnar þjónustu eða fyrir aðgang að mismunandi þjónustu á vegum þjóðgarðsins í tiltekinn tíma innan marka hans. Þá er heimilt að ákveða að innheimt skuli sérstakt gjald fyrir gistingu innan þjóðgarðsins.

Heimilt er að ákveða gjald vegna leyfisveitinga fyrir viðburði eða einstök verkefni innan marka þjóðgarðsins. Sama gildir um endurgjald vegna samninga við þjónustuaðila um atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins.

Sé nauðsynlegt að takmarka fjölda aðila sem stunda tiltekna atvinnutengda starfsemi í þjóðgarði er heimilt að ákveða að fram fari opinbert og hlutlægt val á milli allra hæfra umsækjanda um starfsemina og að fjárhæð endurgjalds ráði úrslitum við ákvörðun um veitingu samnings.

Gjöld samkvæmt ákvæði þessu skulu renna til þjóðgarðsins og þeirra náttúruverndarsvæða sem hann hefur umsjón með og skal ráðstafað til að mæta kostnaði við vinnslu og afgreiðslu umsókna, rekstur og þjónustu, uppbyggingu og viðhald innviða og eftirlit með dvalargestum og rekstraraðilum innan marka þjóðgarðsins. Ákvörðun gjalda samkvæmt ákvæði þessu, að frátöldu endurgjaldi skv. 3. mgr., skal byggð á áætlunum þjóðgarðsins um tekjur, gjöld og uppbyggingu innviða.“

*Varðandi gjaldtöku vegna samninga við þjónustuaðila um atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarða þarf að ganga jafn yfir alla atvinnutengda starfsemi, þannig að ein tegund sé ekki gjaldlögð á meðan önnur er gjaldfrjáls. Einnig þarf að tryggja að ekki sé ráðist í útboð á ákveðnum svæðum þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki hafa ekki sama bolmagn og stærri fyrirtæki hafa í útboðum eins og dæmin sanna.*

5.

- Á heildina litið tel ég heppilegra að sameina fagvinnu innan þjóðgarða í einhverri af núverandi stofnunum til að gera slíkar einingar sterkari heldur en setja saman nýja stofnun sem verður með mun flóknari stjórnýslu heldur en Vatnajökulsþjóðgarður. Sporin þaðan hræða og þó að margt hafi lagast þar eftir umrót síðustu ára er enn langt í land með að stjórnkerfi Vatnajökulsþjóðgarðs sé sú góða fyrirmynd sem lagt er upp með í þessu frumvarpi.

6.

- Mikilvægt er að leiðrétta þá mismunun sem felst í að fulltrúi útivistarfólks sé einungis með áheyrnaraðild að stjórn. Eins og kunnugt er hefur þetta fyrirkomulag valdið mér sem áheyrnarfulltrúa talsverðum vandræðum undanfarin ár og þetta frumvarp fyrirbyggir ekki að slíkt endurtaki sig.

7.

- Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stækka umdæmisráðin og minnka þar með vægi útivistarfólks. Í Vatnajökulsþjóðgarði fer útivistarfólk með eitt atkvæði af 6 en fyrirhugað er að stórauka vægi sveitarfélaga og bænda þannig að vægi útivistarfólks minnkar í einn af 10. Þetta tel ég ekki vera ásættanlegt og bendi á að stór hluti Íslendinga sem njóta hálandisins á eigin vegum er ekki úr nær samfélagi þjóðgarðanna heldur af höfuðborgarsvæðinu og öðrum svæðum sem ekki liggja að þjóðgördunum.

8.

- Fulltrúar félagasamtaka í svæðisráðum Vatnajökulsþjóðgarðs fá ekki laun fyrir sína vinnu. Hvorki frá þjóðgarðinum né félagasamtökunum sem tilnefna þá. Þessu starfi, sem er oft tímafrekt, fylgir mikil fjarvera frá launaðri vinnu. Lauslega áætlað er það um eitt dagsverk á mánuði. Mikilvægt er að tryggja þessu fólki einhver laun fyrir þessar fórnir og það ætti að koma fram í lögnum. Útivistarfélög hafa ekki bolmagn til þess. Bendi á að fulltrúar sveitarfélaga eru til dæmis væntanlega á launum frá sínu baklandi.

Virðingarfyllst  
f.h Fallastakks ehf  
Laufey Guðmundsdóttir